

TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ

Viðbótarréttur samkvæmt lögum um réttindi neytenda. Ef ÞÚ ert neytandi getur ÞÚ haft lögbundinn rétt sem gildir til viðbótar við þau réttindi sem sett eru fram í þessari takmörkuðu ábyrgð (t.d. samkvæmt lögum um réttindi neytenda í landinu þar sem ÞÚ býrð) („**réttindi neytenda**“). Í þessari takmörkuðu ábyrgð eru settar fram tilteknar aðstæður þar sem BlackBerry mun eða mun ekki bæta fyrir BlackBerry-tæki. Þessi takmarkaða ábyrgð takmarkar hvorki né útilokar nein af neytendaréttindum ÞÍNUM sem tengjast BlackBerry-tækinu.

Umfang ábyrgðar framleiðanda. Í þessari takmörkuðu ábyrgð framleiðanda eru settar fram ábyrgðarskyldur BlackBerry Limited og dótturfélaga þess („**BlackBerry**“) varðandi vélbúnað og aukabúnað frá BlackBerry sem er framleiddur af eða fyrir hönd BlackBerry („**BlackBerry-tæki**“). BlackBerry ábyrgist gagnvart upphaflegum endanlegum kaupanda nýs BlackBerry-tækis („**ÞÚ**“) að BlackBerry-tækið verði laust við galla á efni og frágangi við venjulega notkun frá þeirri dagsetningu þegar ÞÚ keyptir tækið og í eftirfarandi tilgreint tímabil fyrir hverja viðeigandi gerð af BlackBerry-tæki („**ábyrgðartímabilið**“). ÞÚ getur ekki framselt þessa takmörkuðu ábyrgð.

(i) Fyrir BlackBerry Handheld snjallsíma er ábyrgðartímabilið eitt (1) ár. Hafðu samband við smásalann sem ÞÚ keyptir BlackBerry-tækið af til að fá upplýsingar um hvernig þú færð þjónustu fyrir BlackBerry-tækið þitt.

(ii) Fyrir BlackBerry Porsche Design snjallsíma er ábyrgðartímabilið tvö (2) ár. Hafðu samband við fulltrúa BlackBerry – samskiptaupplýsingar vegna ábyrgðar er að finna á slóðinni www.blackberry.com/gettingstarted.

(iii) Fyrir BlackBerry-spjaldtölvu er ábyrgðartímabilið eitt (1) ár. Hafðu samband við fulltrúa BlackBerry – samskiptaupplýsingar vegna ábyrgðar er að finna á slóðinni www.blackberry.com/playbookwarranty.

(iv) Fyrir BlackBerry-aukahluti sem innihalda vélbúnaðar- og hugbúnaðarþætti (t.d. Bluetooth-tæki, snjallkortalesara og hátalara sem festir eru á sólskyggni) er ábyrgðartímabilið eitt (1) ár. Hafðu samband við smásalann sem ÞÚ keyptir BlackBerry-tækið hjá.

Undantekningar frá takmörkuðu ábyrgðinni fyrir tilteknar gerðir BlackBerry-tækja eða tiltekin lönd geta átt við – sjá 1. viðbæti við þessa takmörkuðu ábyrgð. Fyrir BlackBerry-tæki sem hafa verið endurnýjuð af eða fyrir hönd BlackBerry gildir það sem eftir er af ábyrgðartímabilinu (ef um það er að ræða) um slíkt endurnýjað BlackBerry-tæki.

Ef í ljós kemur á ábyrgðartímabilinu að BlackBerry-tækið er gallað að mati BlackBerry og fellur undir þessa takmörkuðu ábyrgð getur BlackBerry að eigin ákvörðun:

(i) gert við það sem gallað er í BlackBerry-tækinu án þess að ÞÚ þurfir að greiða fyrir það og notað til þess nýja eða endurnýtta hluti;

(ii) skipt gallaða BlackBerry-tækinu út, án þess að ÞÚ þurfir að greiða fyrir það, fyrir hliðstæða nýja eða endurnýjaða vöru; eða

(iii) endurgreitt ÞÉR kaupverðið sem ÞÚ greiddir fyrir BlackBerry-tækið ef BlackBerry getur ekki gert við eða skipt út BlackBerry-tækinu eins og kveðið er á um í lið (i) eða (ii).

Ef gert er við BlackBerry-tækið eða skipt um það af eða fyrir hönd BlackBerry á ábyrgðartímabilinu rennur ábyrgðartímabilið fyrir BlackBerry-tækið sem gert var við eða skipt var um út þegar upphaflega ábyrgðartímabilið er liðið (nema að því marki sem kveðið er skýrt á um að BlackBerry skuli samkvæmt lögum veita ÞÉR lengra ábyrgðartímabil fyrir BlackBerry-tækið sem gert var við eða skipt var um). Öll ábyrgðarþjónusta eða þjónusta sem er veitt af eða fyrir hönd BlackBerry samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð er háð því að ÞÚ skilir BlackBerry-tækinu til viðurkennds þjónustuaðila BlackBerry (eins og lýst er hér á eftir í „Hvernig skila skal BlackBerry-tækinu“). Þegar ÞÚ skilar inn BlackBerry-tæki samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð og færð annað BlackBerry-tæki í staðinn verður tækið sem ÞÚ skilaðir sjálfkrafa eign BlackBerry og tækið sem ÞÚ færð í staðinn verður ÞÍN eign. Við endurgreiðslu samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð skilar ÞÚ BlackBerry-tækinu til BlackBerry og þá verður BlackBerry-tækið sem ÞÚ skilaðir eign BlackBerry.

Undanþágur og takmarkanir ábyrgðar. Þessi takmarkaða ábyrgð á ekki við (samkvæmt ákvörðun BlackBerry):

(i) um rekstrarvörur BlackBerry-tækis, svo sem rafhlöður og hlífðarbúnað sem gert er ráð fyrir að rýrni með tímanum, nema þegar tjónið er tilkomið vegna galla í efni eða frágangi;

(ii) um eðlilegt slit á BlackBerry-tæki;

(iii) ef BlackBerry-tækið er opnað, því er breytt eða gert er við það af einhverjum sem hefur ekki leyfi frá BlackBerry;

(iv) ef raðnúmer BlackBerry-tækisins, IMEI-númer eða annað auðkenni hefur verið afmáð eða fjarlæggt;

(v) um BlackBerry-tæki þar sem tjónið, bilunin eða gallinn er afleiðing af og/eða orsakast af:

(a) misnotkun, raka eða vökva, nálægð við eða útsetningu fyrir hita, slysi, vanrækslu eða rangri notkun;

(b) notkun BlackBerry-tækisins í tengslum við aukahluti, vörur, þjónustu, hugbúnað, forrit, aukabúnað eða jaðarbúnað sem ekki er kveðið skýrt á um að sé samþykktur af eða útvegaður af BlackBerry sérstaklega til notkunar með PINNI tilteknu gerð af BlackBerry-tæki;

(c) neinu sem orsakast ekki af BlackBerry-tækinu sjálfu; eða

(d) starfsemi eða notkun BlackBerry-tækisins sem samræmist ekki viðeigandi uppsetningarleiðbeiningum eða stöðluðum leiðbeiningum fyrir endanlegan notanda sem BlackBerry útbýr og afhendir, þ.m.t. hvers kyns öryggis- og notkunarleiðbeiningum sem eru aðgengilegar á

<http://docs.blackberry.com> eða BlackBerry leyfissamningnum sem er aðgengilegur á <http://us.blackberry.com/legal/bbsla.jsp>;

(vi) um tjón á yfirborði BlackBerry-tækisins, þ.m.t. en ekki einvörðungu sprungur, dældir eða rispur;

(vii) um neinn búnað, spjaldtölvur eða annan vélbúnað en BlackBerry-tækið eins og það er skilgreint í þessari takmörkuðu ábyrgð – til dæmis gildir hún ekki um nein ytri SIM-kort sem afhent voru þegar ÞÚ keyptir tækið eða um neitt sem er ekki frá BlackBerry og framleitt af eða fyrir hönd BlackBerry; eða

(viii) ef ÞÚ getur ekki lagt fram kvittun sem færir sönnur á að ÞÚ sért upphaflegur kaupandi BlackBerry-tækisins og dagsetningu og stað upphaflegra kaupa.

Þessi takmarkaða ábyrgð er ábyrgð sem gildir einvörðungu um vélbúnað og takmarkast við BlackBerry-tækið og tekur ekki til neins hugbúnaðar sem BlackBerry eða nokkur þriðji aðili sendir, setur inn eða dreifir, jafnvel þótt hugbúnaðurinn sé innpakkaður eða seldur með BlackBerry-tækinu eða tiltækur fyrir BlackBerry-tækið síðar. Hugbúnaðarleyfissamningar gilda um notkun ÞÍNA á hugbúnaði sem tengist BlackBerry-tækinu. Hugbúnaðarleyfinu fyrir hugbúnað sem er eign BlackBerry og er sendur með BlackBerry-tækinu er lýst í gildandi hugbúnaðarleyfissamningi fyrir BlackBerry.

Taktu öryggisafrit af gögnunum þínum. Þú skalt reglulega taka öryggisafrit af gögnunum á BlackBerry-tækinu ÞÍNU, hugbúnaði, forritum og öllum upplýsingum sem verndarráðstöfun gegn hugsanlegum truflunum, þ.m.t. áður en þú skilar BlackBerry-tækinu. Öryggisafritun gagna er alfarið á ÞÍNA ábyrgð og er ekki á ábyrgð BlackBerry, né á ábyrgð smásalans sem ÞÚ keyptir BlackBerry-tækið hjá, né heldur á ábyrgð þeirra viðurkenndu þjónustuaðila sem ÞÚ fékkst þjónustu eða viðgerð hjá eða sem hafa skipt út BlackBerry-tækinu, meðal annars ef um er að ræða tap á gögnum eða gögn sem hafa skemmst við notkun á samstillingarhugbúnaði. FJARLÆGÐU ALLAN JAÐARBÚNAÐ EÐA MINNI OG/EÐA ALLAR PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR EÐA TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR ÁÐUR EN ÞÚ SKILAR INN BLACKBERRY-TÆKINU ÞÍNU. VIÐ ÞJÓNUSTU, VIÐGERÐIR EÐA ENDURNÝJUN TÆKISINS GETUR EFNI Á BLACKBERRY-TÆKINU ÞÍNU ÞURRKAST ÚT OG/EÐA VERIÐ ENDURSNIÐIÐ EÐA GRUNNSTILLT Á VERKSMÍÐJUSTILLINGU (MEÐ FYRIRVARA UM GILDANDI UPPFÆRSLUR OG NÝJAR ÚTGÁFUR HUGBÚNAÐAR, SEM FALLA UNDIR HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNING BLACKBERRY SOLUTION) OG ALLUR JAÐARBÚNAÐUR EÐA MINNI KANN AÐ VERÐA FJARLÆGT OG ÞVÍ EKKI SKILAÐ TIL ÞÍN. Til glöggvunar tekur þessi takmarkaða ábyrgð ekki til öryggisafritunar, endurheimtar eða enduruppsetningar á gögnum ÞÍNUM, hugbúnaði eða forritum í BlackBerry-tækinu.

Hvernig skila skal BlackBerry-tækinu. BlackBerry Limited veitir PÉR þessa takmörkuðu ábyrgð. Til að ákvarða hvort BlackBerry-tækið ÞITT þarfnast ábyrgðarþjónustu og til að fá leiðbeiningar um hvernig skila skal BlackBerry-tækinu ÞÍNU skaltu hafa samband við viðeigandi tengilið vegna ábyrgðar fyrir tiltekna BlackBerry-tækið sem lýst er í töflunni í hlutanum „Umfang ábyrgðar framleiðanda“ hér að framan.

Pegar hringt er í BlackBerry eða viðurkenndan þjónustuaðila BlackBerry kann kostnaður við símtalið að falla á þig. ÞÚ gætir verið beðin(n) um að aðstoða við greiningu á hvers kyns vandamálum með BlackBerry-tækið PITT og/eða leggja fram kvittun sem færir sönnur á að ÞÚ sért upphaflegur kaupandi BlackBerry-tækisins og dagsetningu og stað upphaflegra kaupa. Ábyrgðarþjónustukostir, viðbragðstími og gjöld (ef við á) geta verið breytileg eftir löndum. **EF BLACKBERRY-TÆKINU ÞÍNU ER SKILAÐ Á ÁBYRGÐARTÍMABILINU, EN BLACKBERRY-TÆKIÐ PITT FELLUR EKKI UNDIR ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ, GETA GILT AÐRIR SKILMÁLAR OG GJÖLD FYRIR ALLAR VIÐGERÐIR EÐA VINNSLU SEM FRAMKVÆMD ER. EF ÞÚ BÝRÐ EKKI Í LANDINU ÞAR SEM ÞÉR VAR UPPHAFLEGA SELT BLACKBERRY-TÆKIÐ:**

- (A) GETUR VIÐGERÐ EÐA ÞJÓNUSTA SEM FELLUR UNDIR ÁBYRGÐ VERIÐ ÓMÖGULEG;
- (B) GETUR ÞESS VERIÐ KRAFIST AÐ ÞÚ SAMÞYKKIR SKILMÁLA OG/EÐA AÐ ÞÚ GREIÐIR TILTEKINN KOSTNAÐ (MEÐAL ANNARS SENDINGAR- OG AFGREIÐSLUKOSTNAÐ); OG
- (C) GETUR VIÐGERÐ EÐA ÞJÓNUSTA SEM FELLUR UNDIR ÁBYRGÐ, EF HÚN ER MÖGULEG, TEKID LENGRI TÍMA EN VENJULEGA.

Sérstök úrræði. NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM BLACKBERRY ER Á SKÝRAN HÁTT BANNAÐ MEÐ LÖGUM (Þ.M.T. EF ÞÚ HEFUR RÉTTINDI NEYTANDA TIL VIÐBÓTAR VIÐ ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ) AÐ TAKMARKA EÐA ÚTILOKA ÚRRÆÐI ÞÍN Í TENGLUM VIÐ BLACKBERRY-TÆKIÐ PITT ERU Í ÞESSARI TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ SETT FRAM SÉRSTÖK ÚRRÆÐI ÞÍN FYRIR BLACKBERRY-TÆKIÐ OG AÐRAR ÁBYRGÐIR, SKILYRÐI, FYRIRSVAR EÐA TRYGGINGAR AF HVÆÐA TOGA SEM ER, BEINAR EÐA ÓBEINAR, MEÐAL ANNARS ÓBEINAR ÁBYRGÐIR ER VARÐA SÖLUHÆFI, VIÐUNANDI GÆÐI OG/EÐA NOTAGILDI Í TILTEKNUM TILGANGI, ERU HÉR MEÐ UNDANSKILDAR OG SKULU EKKI GILDA EÐA HAFA NEIN ÁHRIF.

Takmörkun ábyrgðar. NEMA AÐ ÞVÍ MARKI SEM BLACKBERRY ER Á SKÝRAN HÁTT BANNAÐ MEÐ LÖGUM (Þ.M.T. EF ÞÚ HEFUR RÉTTINDI NEYTANDA TIL VIÐBÓTAR VIÐ ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ) EÐA EF LAND, RÍKI EÐA SÝSLA SEM ÞÚ BÝRÐ Í HEIMILAR EKKI ÚTILOKUN EÐA TAKMÖRKUN Á TILFALLANDI EÐA AFLEIDDU TJÓNI SKAL BLACKBERRY EÐA EINHVER SEM KEMUR FRAM FYRIR HÖND EÐA MEÐ BLACKBERRY (MEÐAL ANNARS Í TENGLUM VIÐ FRAMLEIÐSLU, AFHENDINGU, DREIFINGU, SÖLU, VIÐGERÐ EÐA SKIL Á BLACKBERRY-TÆKINU) UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM BERA ÁBYRGÐ Á NEINU ÓBEINU, TILFALLANDI, SÉRSTÖKU EÐA AFLEIDDU TAPI EÐA TJÓNI AF NOKKRU TAGI (MEÐAL ANNARS TJÓNI VEGNA VIÐSKIPTATAPS, TRUFLUNAR Á VIÐSKIPTUM, TAPS EÐA RÖSKUNAR Á UPPLÝSINGUM (Þ.M.T. GÖGNUM) EÐA ANNARS FJÁRTJÓNS) VEGNA NOTKUNAR EÐA VANHÆFIS TIL NOTKUNAR Á BLACKBERRY-TÆKINU, JAFNVEL ÞÓTT BLACKBERRY EÐA EINHVERJUM SEM KEMUR FRAM FYRIR HÖND EÐA MEÐ BLACKBERRY HAFI VERIÐ GERT VIÐVART UM AÐ SLÍKT TJÓN VÆRI HUGSANLEGT. ÞESSARI TAKMÖRKUN ER ÆTLAÐ AÐ GILDA OG HÚN GILDIR ÁN TILLITS TIL ÞESS HVORT BÓTA ER KRAFIST FYRIR SLÍKT TJÓN, HVORT ÞAÐ ER STAÐFEST EÐA HVORT FARIÐ ER Í MÁL EÐA BÓTA ER KRAFIST VEGNA VANEFNDA, SAMNINGS, ÁBYRGÐARINNAR EÐA ANNARS LAGASKILNINGS. BÓTAÁBYRGÐ BLACKBERRY OG

ALLRA SEM KOMA FRAM FYRIR HÖND EÐA MEÐ BLACKBERRY GAGNVART ÞÉR VEGNA TJÓNS SEM UPP KEMUR Í TENGLUM VIÐ ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ SKAL EKKI AÐ HEILDARUPPHÆÐ FARA YFIR KAUPVERÐIÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR BLACKBERRY-TÆKIÐ EÐA ÞANN KOSTNAÐ SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ SKIPTA ÚT GALLAÐA BLACKBERRY-TÆKINU, EFTIR ÞVÍ HVOR TALAN ER HÆRRÍ. Framangreind ákvæði skulu ekki á neinn hátt takmarka bótaábyrgð af neinu tagi í tengslum við dauðsfall eða líkamstjón eða lögboðna bótaábyrgð er kynni að skapast vegna meints og alvarlegs hirðuleysis eða vanrækslu.

Gildandi lög. LÖG LANDSINS, RÍKISINS, SÝSLUNNAR EÐA LÖGSAGNARUMDÆMISINS EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í ÞESSARI MÁLSGREIN SKULU GILDA UM:

(A) ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ OG TÚLKUN, BROT OG GILDI ÞESSARAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR OG

(B) SÉRHVERJA KRÖFU, DEILUMÁL EÐA ÁGREINING (HVORT SEM ER VEGNA SAMNINGS, VANEFNDA EÐA ANNARS, HVORT SEM SLÍKT ER FYRIRLIGGJANDI, NÚVERANDI EÐA Í FRAMTÍÐINI, OG Þ.M.T. LÖGBOÐNAR KRÖFUR, KRÖFUR SAMKVÆMT FORDÆMISRÉTTI OG SANNGJARNAR KRÖFUR) MILLI ÞÍN OG BLACKBERRY ER STAFA AF EÐA VARÐA ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ.

GILDANDI LÖG LANDSINS EINS OG UM GETUR Í TÖFLUNNI HÉR Á EFTIR SKULU GILDA BYGGT Á ÞVÍ HVAR ÞÚ ÁTT HEIMILI OG ÚTILOKA HVERS KYNS LAGASÖFN SEM GILDA UM LAGAÁGREINING.

LAUSN DEILUMÁLA / GERÐARDÓMUR. ÓSAMKOMULAG EÐA DEILUMÁL VEGNA EÐA VARÐANDI ÞESSA TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ SKULU LEYST MEÐ ENDANLEGUM OG BINDANDI GERÐARDÓMI Í SAMRÆMI VIÐ REGLURNAR UM GERÐARDÓM Í TÖFLUNNI HÉR Á EFTIR BYGGT Á ÞVÍ HVAR ÞÚ ÁTT HEIMILI: (I) STAÐUR GERÐARDÓMS SKAL VERA STAÐSETNING GERÐARDÓMS OG GERÐARDÓMUR SKAL FARA FRAM Á ENSKU; (II) FJÖLDI GERÐARDÓMSMANNA SKAL VERA EINN (1); OG (III) GERÐARDÓMSMANNINN SKAL SKIPA Í SAMRÆMI VIÐ UMRÆDDAR GERÐARDÓMSREGLUR. UM ALLT ÞAÐ ER VARÐAR GERÐARDÓM SAMKVÆMT ÞESSARI TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ SKAL RÍKJA FYLLSTI TRÚNAÐUR AÐ ÞVÍ MARKI SEM FREKAST ER LEYFILEGT SAMKVÆMT LÖGUM. ENGAN ÁGREINING Á MILLI SAMNINGSADILA, EÐA SEM TENGIST EINHVERJUM ÖÐRUM EN ÞÉR, MÁ SAMEINA EÐA MEÐHÖNDLA Í SAMEININGU, ÁN FYRIRFRAM SKRIFLEGS SAMÞYKKIS BLACKBERRY.

Ef ÞÚ átt heimili í Evrópu, Austurlöndum nær eða Afríku fellur þessi takmarkaða ábyrgð undir gildissvið enskra og velskra laga og ÞÚ samþykkir gerðardóm í London á Englandi í samræmi við reglur alþjóðlegu gerðardómsstofnunarinnar í London (London Court of International Arbitration). Ef ÞÚ átt heimili í Asíu fellur þessi takmarkaða ábyrgð undir gildissvið laga í New York og ÞÚ samþykkir gerðardóm í New York, NY í Bandaríkjunum í samræmi við reglur alþjóðlegu gerðardómsstofnunarinnar í London (London Court of International Arbitration). Ef ÞÚ átt heimili í Norður-Ameríku eða Suður-Ameríku fellur þessi takmarkaða ábyrgð undir gildissvið laga í New York

og ÞÚ samþykkir gerðardóm í New York, NY í Bandaríkjunum í samræmi við reglur gerðardómsstofnunar Ameríku (American Arbitration Association) um gerðardóm í verslun.

Persónuvernd. Upplýsingar um viðskiptavini sem BlackBerry fær verða notaðar, unnar, sendar og birtar í samræmi við persónuverndarstefnu BlackBerry (aðgengileg á slóðinni <http://www.blackberry.com/legal/privacy.shtml>) til þess að hægt sé að veita þá ábyrgðarþjónustu sem lýst er í þessari takmörkuðu ábyrgð. Þetta getur falið í sér að fá upplýsingar ÞÍNAR og BlackBerry-tækið frá þjónustuaðilum, smásölum, endursöluaðilum og dreifingaraðilum sem eru hluti af þjónustukeðju BlackBerry-tækisins sem ábyrgðarþjónusta er veitt fyrir og að senda upplýsingar ÞÍNAR og BlackBerry-tækið til systur- og dótturfyrirtækja BlackBerry eða þjónustuaðila BlackBerry.

Ýmislegt. Komi til áreikstra á milli þessarar takmörkuðu ábyrgðar og annarrar ábyrgðar sem ÞÚ hefur fengið, meðal annars í umbúðum BlackBerry-tækisins, skal BlackBerry beita ákvæðum þessarar takmörkuðu ábyrgðar um slíkan ágreining. Ef skilmáli, ákvæði eða undirliður þessarar takmörkuðu ábyrgðar er dæmdur ógildur, ólöglegur eða ófullnustuhæfur skal það ekki hafa áhrif á gildi eða fullnustuhæfi eftirstandandi skilmála, ákvæðis eða undirliðar og þessarar takmörkuðu ábyrgðar.